

Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 11. júlí 2023  
UST202306-235/B.S.  
10.05.00

**Efni: Snjóflóðavarnarkeilur norðan Öldugarðs. Breyting á aðal- og deiliskipulagi. Umsögn**

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 16. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða viðbót við snjóflóðavarnir norðan byggðar í Seyðisfirði þar sem nú er unnið að byggingu nýrra snjóflóðavarnargarða. Um er að ræða fimm keilur sem ætlað er að verja mannvirki í botni Seyðisfjarðar.

Keilurnar verða í tveimur röðum norðan Öldugarðs, tvær ofar í hlíðinni en garðurinn og þrjár keilur neðar en garðurinn.

Efnispörf er um 17.700 m<sup>3</sup> og verður efni ýmist tekið úr skeringum eða úr Skaganámu. Efri hlið keilanna verður úr netkössum sem standa munu bratt en að neðan verða keilurnar flatari þannig að auðveldara ætti að vera að aðlaga þær að landi og græða upp.

Hér er um mjög litla viðbót að ræða við miklar framkvæmdir sem nú standa yfir á Seyðisfirði. Reynslan hefur sýnt að frágangur er undantekningalaust góður þegar ofanflóðavarnir eru annars vegar og ekki ástæða til að ætla að þessar keilur breyti miklu varðandi sjónræn áhrif snjóflóðavarna sem nú eru í byggingu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umræddar breytingar á aðal- og deiliskipulagi.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Rakel Sæmundsdóttir,  
*sérfræðingur*